

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1423  
komudagur 22.3.2006



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2006

Varðandi: mál nr. 76 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

### **Álit Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN)**

BÍSN fagnar því að verið sé að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé að slík endurskoðun hafi farið fram má alltaf gera enn betur og jafnveigamikil lög þurfa að vera í sífældri endurskoðun.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

#### **1. gr**

BÍSN telur eðlilegt og sjálfsagt að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi líkt og tíðkast nú með frumgreinadeildar háskóla landsins sem eru beinn undirbúningur fyrir frekara háskólanám.

#### **2. gr**

BÍSN er ekki sammála því að greiða eigi námslánin fyrirfram fyrir hvern mánuð þar sem það hefur þá hættu í för með sér að námsmenn sem hafa ekki skilað inn rétttri tekjuáætlun fá of há lán og ofgreiðslubréfum frá sjóðnum myndi að öllum líkindum fjölga umtalsvert. Framkvæmdin hefði í för með sér að auka þyrfti við starfsmenn hjá sjóðnum sem er mjög kostnaðarsamt.

BÍSN vill því heldur fara þá leið að hækka þann vaxtarstyrk til lánþega sem er nú þegar til staðar. Sú leið er mun einfaldara í framkvæmd og kemur á sama stað niður ef hann er nægilega hár.

BÍSN styður þá tillögu að ekki sé krafist ábyrgðarmanna á námslánum. Þrátt fyrir að fjármálastofnanir hafi nú heimild til að gerast ábyrgðarmenn fyrir lánþega stendur það ekki öllum til boða og er kostnaðarsamt. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að lánasjóðurinn tryggi jafnrétt til náms að fullu fyrr en að lánþegar fá sjálfir að taka ábyrgð á endurgreiðslu lána sinna.

**3. gr**

Að mati Bandalags íslenskra námsmanna eiga allir námsmenn að fá hluta af lánum sínum (t.d. 30%) breytt í styrk að námi loknu sama hversu langan tíma námið tekur. Þrátt fyrir að fólk geti ekki lokið námi sínu á réttum tíma af einhverjum ástæðum má ekki mismuna þeim fyrir það. Nauðsynlegt er þó að þessi breyting verði þó án þess að þeir vextir sem eru nú til staðar á námslánum hækki.

**4. gr.**

Mikilvægt að þetta sé á hreinu og styður BÍSN því þessa tillögu.

F.h. BÍSN



Eyrun Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN